

11. maí 2012
SI-83932

Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um neytendalán, 704. mál.

Með tölvupósti dags. 3. maí sl. óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um ofangreint frumvarp.

Frumvarpið fjallar um veitingu lána til neytenda í atvinnuskyni og fylgir gildissviði Evróputilskipunar um neytendalán, nr. 2008/48/EB, að mestu leyti. Þó eru fasteignalán og lán að fjárhæð undir 200 evrum og yfir 75.000 evrum ekki undanskilin gildissviði frumvarpsins líkt og tilskipunin gerir ráð fyrir.

Seðlabankinn telur jákvætt að veiting svonefndra smálána sé felld undir umgjörð og ramma neytendalöggjafarinnar til að tryggja neytendavernd. Seðlabankinn gerir auk þess eftirtaldir athugasemdir við efni frumvarpsins:

1. Almennt verður að segja að frumvarpið og fyrirhugaður lagabálkur er nokkuð óaðgengilegur, sérstaklega þegar haft er í huga að markhópurinn eru neytendur sem almennt eru ekki sérfróðir í lögum. Í því sambandi nægir að benda á 2. gr. frumvarpsins, varðandi takmarkanir á gildissviði frumvarpsins, þar sem er að finna samansafn greinatilvísana sem afmarka nánar gildssvið frumvarpsins í einstökum tilvikum. Er þetta afar ógegnsætt og varla dæmi um skýra lagasetningu.
2. Orðalag 4. gr. um frávik frá lögnum er nokkuð ankannalegt. Er það vegna þess hversu öfugsnúin nálgunin er að umfjöllun um það hvort og þá í hvaða mæli lögin eigi að koma til með að vera frávikjanleg. Almenna reglan er sú að lögum verður ekki vikið frá með samningum. Því þarf löggjafinn að veita heimild til slíks með jákvæðri heimild, í stað þess eins og gert er í frumvarpinu að ítreka að *ekki* verði vikið frá lögnum nema í ákveðnum tilgangi. Eðlilegra væri því að segja að *heimilt sé að víkja frá ákvæðum laganna til hagsbóta fyrir neytanda*, sbr. svipað orðalag og finna má í niðurlagi 2. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 36/2001.
3. Að mati Seðlabankans er g-liður 5. gr. frumvarpsins nokkuð óljós, þar sem segir að „skattar og önnur gjöld“ falli undir heildarlántökukostnað, en „að frátöldum þinglýsingarkostnaði“. Nú er það svo að til er skattur sem nefnist *þinglýsingagjald*, sbr. III. kafli laga um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, en einnig er lagður skattur á einstök skjöl, *stimpilgjald*, sbr. lög um stimpilgjald,

nr. 36/1978. Getur þetta valdið misskilningi, en oft má sjá að talað er um þinglýsingarkostnað og stimpilgjöld. Því getur leikið á huldu um hvað við er átt í ákvæðinu.

4. Skilgreining j-liðar 5. gr. á *lánssamningi* er hugsanlega ekki nógu nákvæm ef við það er miðað að skuldabréf eigi að falla undir lögin. Það er reyndar ekki alveg ljóst að svo sé, en helst má draga þá ályktun af því að nokkrar greinar frumvarpsins vísa til þinglýsinga, sbr. 5. gr., 7. gr., 12. gr. og svo 3. mgr. 16. gr. þar sem rætt er um „veðlán“. Skuldabréf hefur verið skilgreint sem svo að það sé einhliða, óskilyrt og skrifleg viðurkenning á peningaskuld, en ekki gagnkvæmur samningur eins og skilgreining j-liðar gefur til kynna.
5. Tengt því sem segir í 4. lið er síðan það, að það virðist vera sem gert sé ráð fyrir því í frumvarpinu að lánasamningum verði þinglýst, eða þeir skráðir með opinberum hætti, sbr. j-liður 7. gr. og n-liður 12. gr., en það auðvitað á sér ekki stoð í þinglýsingalögum, nr. 39/1978.
6. Á nokkrum stöðum í frumvarpinu, t.d. í i-lið 7. gr., er talað um „lánalínu“ án þess að það hugtak sé skýrt nánar í lagatextanum. Það er þó gert að nokkru leyti í skýringum með ákvæðinu en það færi þó vel á því að hafa skilgreininguna í lagatextanum, enda hafa þar verið settar fram í 5. gr. hinar ýmsu skilgreiningar lána.
7. Seðlabankinn vill að lokum velta því upp, hvort ekki væri rétt að 5. mgr. 23. gr. frumvarpsins ætti að vera frávikjanleg, eða að þar væri í öllu falli sett fram annað fyrirkomulag við að leysa úr ágreiningi um verðmæti söluhlutar með eignarréttarfyrirvara. Í téðu ákvæði er fjallað um að við skil á hlut, sem háður hefur verið eignarréttarfyrirvara, þá skuli útkljá ágreininginn með dómkvaðningu matsmanns. Seðlabankinn leggur til að í ákvæðinu væri opnað fyrir að aðilar geti samið um matsaðferðir fyrirfram, sbr. t.d. í takt við það sem fram kemur í 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir, nr. 46/2005. Hugsanlega má sjá fyrir sér að hér væri unnt að vísa til 4. gr. frumvarpsins, um frávik frá lögunum, en það hefur þó þann galla að það getur leikið vafi á um það hvenær aðferðir við mat á verðmæti hluta séu neytanda til hagsbóta. Aðalatriðið er einungis það, að kostnaður við dómkvaðningu matsmanns getur auðveldlega orðið hár, og meiri en svo að úrræðið sé raunhæft.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Már Guðmundsson
seðlabankastjóri

Ragnar Árni Sigurðarson
staðgengill aðallögfræðings